

Framkvæmdir á Skeggjabrekkuvelli í Ólafsfirði.

Árið 2012 hófust framkvæmdir á Skeggjabrekkuvelli í Ólafsfirði með tilkomu framkvæmdastyrks Fjallabyggðar til fjögurra ára.

Lagt var upp með byggingu þriggja nýrra púttflata, tveggja nýrra golfbrauta og teiga og lengingu á þáverandi fyrstu braut.

Af ýmsum sökum drógust framkvæmdir en árið 2020 voru þessar nýju golfbrautir teknar í notkun.

Árið 2018 var gerður nýr framkvæmdasamningur við Fjallabyggð um áframhald framkvæmda við Skeggjabrekkuvöll og til að ljúka fyrri framkvæmdaáfanga. Í þessum áfanga bættist við uppbygging tveggja nýrra púttflata sem áætlað er að taka í notkun árið 2023.

Drjúgur hlutir framkvæmdafjár hefur farið í vegalagningu til að hægt sé að flytja efni innan svæðisins og að framkvæmdastöðum. Auk þess hefur efnisuppbygging á votum svæðum verið meiri en ráð var fyrir gert í upphafi framkvæmda.

Sé litið til áframhaldandi uppbyggingar á Skeggjabrekkuvelli þá liggur fyrir bygging þriggja nýrra púttflata, æfingapúttflatar og umhverfi þeirra.

Töluverð jarðvegsvinna er að minnsta kosti vegna einnar golfbrautar í framtíðar skipulagi. Þá þarf að endugera all flesta teiga á golfbrautum og vinna að drenmálum og stígagerð.

Með endurskipurlagningu Skeggjabrekkuvallar opnast möguleik á æfingasvæði og stuttum velli fyrir börn og nýliða sem ekki hefur verið til staðar áður.

Frá árinu 2012 hefur Fjallabyggð lagt 28 milljónir til framkvæmda á Skeggjabrekkuvelli. Óhætt er að segja að þetta fjármagn hafi verið vel nýtt og mikið gert fyrir takmarkað fé í ljósi þess að uppbygging einnar golfholu getur kostað um 15 milljónir. Mjög gott samstarf við verktaka og möguleiki á efnistöku innan golfvallarsvæðisins, auk framlags félagsmanna Golfklúbbs Fjallabyggðar, hefur aukið virði framkvæmdafjárins þrátt fyrir að uppá vanti til að dekkja þær framkvæmdir sem átt hafa sér stað.

Í eftirfarandi framsetningu er farið yfir næstu skref í áframhaldandi uppbyggingu Skeggjabrekkuvallar sem áætlað er að ljúki árið 2025.

Tekið saman fyrir stjórn GFB
Brynjar Sæmundsson
Golfvallarfræðingur
Október 2021


Tímalína framkvæmda.

Mikilvægt er að jarðvegsframkvæmdir og mótun landslags fari undir snjó einn vetur áður en sáð er í svæðið. Þannig nær jarðavegur og efni, sem flutt hefur verið til, að brjóta sig og setjast áður en sáð er í það árið eftir.

Mikilvægt er að öll jarvegsvinna og undirbúningur nái að klárast árið 2022 svo hægt sé að sá í öll svæði sumarið 2023. Það þarf minnst tvö sumur til að grassvörður nái að þétta sig nægjanlega svo hægt sé að opna inn á nýjar golfbrautir árið 2025.

Framkvæmdatími verkefna á Skeggjabrekkuvelli 2022-2025		Ártal			
Verkefni	Svæði	2022	2023	2024	2025
Jarðvegsvinna, mótun	Brautir 5, 7	■			
Jarðvegsvinna og mótun flatarstæða	Flatir 5, 6, 7+æfingafl.	■			
Sáning og uppgræðsla	Brautir og flatir		■		
Eftirfylgni sáningar	Brautir og flatir			■	■
Drenun svæða og lokun skurða		■	■	■	
Uppbygging teiga og stígagerð	Allar brautir vallar	■	■	■	
Lok framkvæmda					■


Legu og röð golfbrauta að framkvæmdum loknun árið 2025.



Leiksskipulag vallar á framkvæmdatíma.

Til að hægt sé að leika golf á Skeggjabrekkuvelli á framvæmdatíma verkefnisins þá þarf að breyta leiksskipulagi golfbrauta árið 2023 og svo aftur til endanlegs skipulags árið 2025.

Leiksskipulag árin 2021 og 2022:




Leiksskipulag árin 2023 og 2024.

Rauð svæði = jarðframkvæmdir.

Gul svæði = nýjar púttflatar í uppbyggingu.

Græn svæði = púttflatar í leik.



Uppbygging nýrra teiga á framkvæmdatíma.

Rauð svæði = teigar, 4 teigasett á hverri braut, alls 36 teigar.

Fjólublátt svæði = æfingasvæði og stuttur 6 holu barnavöllur.

